

Ed.

198. Frumvarp til laga

[93. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir og ferjuskipi.

(Eftir 2. umr. í Ed., 6. des.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 nýjum fiskiskipum yfir 300 lestir. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði skipanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði ferjuskips til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.